

Samánburður fjármögnunarleiða fyrir íslensk fyrirtæki



Efnisyfirlit

Sjóðsstýring fyrir byrjendur	bls. 3
Lántökumöguleikar	bls. 5
Kröfufjármögnun sem valkostur	bls. 7
Hafðu samband	bls. 11

Skortur á lausu fé getur minnkað virði fyrirtækis

Laust fé er undirstaða rekstrar

Lausafjárstaða er einn mikilvægasti mælikvarðinn á heilbrigði í fyrirtækjarekstri. Laust fé er eldsneytið sem stendur undir rekstrinum og gerir fyrirtækinu kleift að halda úti starfsemi sinni.

Fyrirtæki notar laust fé til að greiða fyrir alla þá hluti sem þurfa að vera til staðar til að reksturinn geti haldið áfram. Þar má til dæmis nefna laun, launtengd gjöld, aðkeyptar vörur og þjónustu, aðföng, og skatta.

Ef laust fé fer undir eðlilega mörk lendir fyrirtækið fljótt í kröggum og getur ekki greitt fyrir þá hluti sem það þarf. Í versta falli getur það þýtt gjaldþrot, ef kröfuhafi fyrirtækisins krefst þess.

Til að koma í veg fyrir þetta og viðhalda jákvæðri lausafjárstöðu leitast fyrirtæki við að ná fram jákvæðu sjóðsstreymi. Jákvætt sjóðsstreymi þýðir að meira laust fé kemur inn í fyrirtækið heldur en fer út úr því.

Sjóðsstreymi er birt árlega í ársreikningum fyrirtækja og sýnir þá breytingu á lausu fé á viðkomandi ári.

Fjárfestingar krefjast lausafjár

Allt framangreint liggur nokkuð beint við fyrir þá sem hafa reynslu af fyrirtækjarekstri. En þegar kemur að fjárfestingum geta málin flækst.

Flest fyrirtæki búa til verðmæti í gegnum **fjárfestingar**. Í því felst að fjármagn er bundið í ákveðinn tíma í þeirri væntingu að fjárbindingin skili sér í formi aukinna verðmæta síðar meir.

Fjárfestingar geta verið margvíslegar. Fyrirtæki geta fjárfest í tækjum, búnaði, aðstöðu og aðföngum til að nefna nokkur dæmi. En fjárfestingar eru víðtækari en það. Þegar fyrirtæki verja tíma og/eða kostnaði í verkefni sem skila ekki tekjum samstundis þá er það fjárfesting.

Dæmi um þetta er rannsóknir og vöruþróun, þjálfun starfsfólks, greiðslur til verktaka áður en verkefni lýkur, og svo mætti lengi áfram telja.

Lausafjárstaðan getur hins vegar í veg fyrir að fyrirtæki geti fjárfest. Þegar laust fé skortir til að standa undir bæði rekstrarútgjöldum og fjárfestingum geta arðbær viðskiptatækifæri tapast. Vaxtarhraði og verðmæti fyrirtækisins dregst þá hvort tveggja saman.


DÆMI UM FJÁRFESTINGAR

Skipafélag kaupir flutningaskip og væntir þess að fá verðmæti þess til baka á löngum tíma með flutningsgjöldum



Hugbúnaðarfyrirtæki ræður starfsfólk, leigir aðstöðu og kaupir tölvubúnað áður en afurðin er tilbúin

Framleiðslufyrirtæki fjárfestir í aðstöðu, tækjum, búnaði, starfsfólki og aðföngum áður en framleiðsla hefst



Veitingastaður útvegar aðstöðu, ræður starfsfólk, kaupir inn matvæli, og þróar matseðil fyrir opnun

Fataverslun kaupir birgðir, ræður starfsfólk og leigir aðstöðu áður en dyrnar opna fyrir viðskiptavinum



Lántaka brúar bilið á milli fjárfestinga og sjóðstreymis

Fjármögnun leysir vandann

Til að leysa lausafjárvandann sem fjárfestingar skapa sækja fyrirtæki sér **fjármögnun**.

Fjármögnun getur átt sér stað hvort í formi eiginfjárframlags eða láns. Ef um eigið fé er að ræða kaupir aðili hlutafé sem útgefið er af félaginu. Væntingin er þá að fyrirtækið búi til næg verðmæti til að standa undir arðgreiðslum í framtíðinni eða þá að verðmæti hlutafésins aukist þannig að framlagið borgi sig.


Þegar um lán er að ræða leggur aðili fyrirtækinu til fjármuni gegn skuldbindandi loforði félagsins um fulla endurgreiðslu auk vaxta í framtíðinni.

Með því að fjármagna sig með þessum hætti getur fyrirtækið ráðstafað fjármagni til fjárfestinga án þess að lausafjárstaðan verði neikvæð. Fjármögnun gerir því fyrirtæki kleift að vaxa og skapa aukin verðmæti án þess að lausafjárstaðan komi í veg fyrir það.

Lántaka er oft betri valkostur

Af þessum tveimur fjármögnunarformum er lántaka oft betri valkostur fyrir eigendur fyrirtækis. Hún hefur eftirfarandi kosti:

- 1. Full stjórn á fyrirtækinu.** Einn meginkostur lántöku er að eigendur halda fullri stjórn yfir félaginu. Þótt lánveitandi fjármagni félagið þá fær hann ekki ákvörðunarvald þegar kemur að rekstrinum. Nýr hluthafi verður hins vegar eigandi að fyrirtækinu og getur viljað hafa áhrif á rekstur þess.
- 2. Frádráttur frá skatti.** Vaxtagreiðslur til þeirra sem lána fyrirtækinu eru frádráttarbærar frá tekjuskattsstofni. Auk vaxtagreiðslna nær frádráttarheimildin einnig til allra gjalda og annars kostnaðar sem tengist lántökunni. Frádrátturinn eykur verðmæti félagsins sem minnkuðum skattgreiðslum nemur.
- 3. Fljótlegri og auðveldari.** Lántaka er oft bæði fljótlegri og auðveldari fjármögnunarleið en hlutafjárútgáfa. Fjárfestar takmarka hlutafjárkaup gjarnan við nýsköpunarfyrirtæki með meiri háttar vaxtarmöguleika, eða þá stór og stöndug fyrirtæki þar sem auðveldara er að áætla bæði arðgreiðslur og framtíðarvirði hlutafjár.



Margir ólíkir valkostir eru í boði

Þegar eigendur hafa ákveðið að taka lán til að fjármagna starfsemi fyrirtækisins er næsta skref að ákveða í hvaða formi lántakan á að vera.

Margar ólíkar tegundir lántöku standa fyrirtækjum til boða hérlandis. Hér má líta nokkrar af þeim algengustu.

Bankalán

Ef fyrirtæki hefur ákveðið langa og stöðuga rekstrarsögu getur verið í boði að fá fyrirtækjalán frá viðskiptabanka. Skilyrði geta fylgt, til dæmis um að laust fé fari ekki undir ákveðin mörk.

Samningur

Fyrirtæki getur samið við hvern sem er um að fá fjármuni að láni gegn því að greiða þá til baka síðar meir með vöxtum. Þetta er stundum tengdir aðilar eins og birgjar viðkomandi félags.

Veðlán

Ef fyrirtækið á verðmætar eignir getur það lagt þær að veði gegn láni hjá banka eða öðrum lánveitendum. Dæmi um slíkar eignir eru fasteignir, ökutæki, og framleiðslutæki.

Birgðafjármögnun

Fyrirtæki með verðmætar birgðir geta lagt þær að veði hjá fjármögnunar-fyrirtæki til að auka við laust fé. Lánið er þá yfirleitt endurgreitt þegar birgðirnar eru seldar.

Yfirdráttur

Flest fyrirtæki eru með yfirdráttar-heimild í sínum viðskiptabanka. Vextir eru þá einungis greiddir af þeim hluta heimildarinnar sem fyrirtækið notar hverju sinni.

Skuldabréfaútgáfa

Fyrirtæki selur skuldabréf til fjárfesta, annað hvort beint eða í gegnum kauphöll. Í skuldabréfinu eru skilmálar um fyrirkomulag endurgreiðslna.

Kreditkort

Með kreditkortu getur fyrirtæki keypt vörur og þjónustu án þess að greiða fyrir þær strax. Fyrirtækið fær þá fjármunina að láni fram að gjalddaga kreditkortareikningsins.

Kröfufjármögnun


Fyrirtæki sem gefur út reikninga getur lagt þá að veði og fengið laust fé á útgáfudegi. Lánið er síðan endurgreitt þegar reikningurinn er greiddur.

Besta form lántöku veltur á mikilvægi ólíkra þátta í rekstrinum



Kjör

Vaxtakjör láns auk annarra gjalda mynda saman lántökukostnað. Ávöxtun lánsfjármunanna þarf að vera hærri en þessi kostanður til að lánið borgi sig.




Þægindi

Tími og starfsorka er takmörkuð auðlind fyrirtækja rétt eins og fjármagn. Ef mikil vinna fylgir lántöku verður hún því verri valkostur en ella.




Hraði

Í rekstri getur hraði skipt miklu máli. Lánsfjármagn sem hægt er að nálgast með fljótlegum hætti er því betri valkostur en fjármagn sem tekur langan tíma að útvega.



Sveigjanleiki

Óvissa um framtíðina er til staðar í öllum rekstri. Við lántöku er sveigjanleiki því kostur, til dæmis þegar kemur að aukinni lántöku eða endurgreiðslum.



Umfang

Hámarks umfang lántökunnar þarf að geta mætt þörfum rekstrarins, ef það er of lágt er oft nauðsynlegt að leita annarra lántökumöguleika til viðbótar.



Takmarkanir

Lánamöguleikum geta fylgt kvaðir um upplýsingagjöf, veð eða rekstrarmælikvarða. Slíkar kvaðir geta tekið upp tíma og dregið úr sveigjanleika í rekstri.

Kröfufjármögnun Kríta gerir þér kleift að fá laust fé við útgáfu reiknings



1 Reikningur

Þú sendir viðskiptavinum þínum reikninga fyrir vöru- eða þjónustukaupum eins og áður.



2 Tilboð

Í vefviðmóti Kríta velur þú þá reikninga sem þú vilt fjármagna og við gerum þér tilboð.




3 Útgreiðsla

Eftir samþykkt tilboðs greiðum við þér allt að 97,5% af reikningsupphæðinni að frádreginni tryggingu.









4 Uppgjör

Um leið og reikningurinn er greiddur millifærir hann til okkar og við skilum þér tryggingunni.



Þessi leið hefur marga kosti

Samanborið við aðrar tegundir lántöku er kröfufjármögnun hjá Kríta hentugri þegar kemur að þægindum, hraða, sveigjanleika og takmörkunum.

	 Kjör	 Þægindi	 Hraði	 Sveigjanleiki	 Umfang	 Takmarkanir
Bankalán	~	~	~	~	~	~
Yfirdráttur	~	+	+	+	+	+
Samningur	~	~	~	-	~	~
Skuldabréfa- útgáfa	+	-	-	-	+	-
Veðlán	+	~	~	~	~	~
Kreditkort	+	+	+	+	-	~
Birgða- fjármögnun	-	+	+	+	~	+
Kröfu- fjármögnun	-	+	+	+	~	+
Samanburður við aðra valkosti	Ársvextir eru hærri vegna stutts lánstíma	Lánið er bæði greitt út og gert upp sjálfkrafa	Lánið er almennt greitt út innan 24 klst	Velja má kröfu til að fjármagna og ákveða upphæð	Umfang nemur allt að 97,5% af útistandandi kröfum	Engin skilyrði um lausafjár- stöðu eða upplýsinga- gjöf


Útfærsla Kríta er hönnuð með þína hagsmuni að leiðarljósi

Kröfufjármögnun er hægt að útfæra með margvíslegum hætti. Við stofnuðum Kríta því við töldum okkur geta útbúið lausn sem hentar fyrirtækjum betur en aðrir valkostir.



Þitt viðskiptasamband

Greiðandi útistandandi kröfu getur hvergi séð að hún sé fjármögnuð af Kríta. Reikningurinn kemur áfram frá þínu fyrirtæki og er greiddur inn á netbanka þess. Kríta kemur því ekki inn í viðskiptasamband þitt með nokkrum hætti.



Einfalt og þægilegt

Kríta þjónustan fer fram í gegnum notendavænt vefumsjónarkerfi þar sem sjálfvirkni er höfð að leiðarljósi. Þú getur gert alla hluti sjálf(ur) inni í kerfinu án þess að tala við söluráðgjafa. Hvort tveggja sparar þér tíma og fyrirhöfn.



Fljótlegt

Stærstur hluti tilboða er gerður sjálfvirkur svo þú getir tekið ákvörðun strax. Ef við þurfum að meta áhættuna betur færðu tilboð innan 24 klukkustunda. Þá eiga útgreiðslur sér stað samstundis. Þú þarft því ekki að bíða eftir fjármagni þegar þú þarft á því að halda.

Hentar kröfufjármögnun þínu fyrirtæki?

Kröfufjármögnun hentar sérstaklega vel fyrir þau fyrirtæki þar sem **eiginleikar rekstrarins** eru eftirfarandi:

- Mikil fjármagnspörf til að standa undir aðföngum eða birgðum
- Löng og tímafrek söluferli
- Sveiflukennt sjóðsstreymi eða árstíðabundin sala
- Viðskiptavinir sem borga seint, til dæmis stórfyrirtæki eða hið opinbera

Þá hentar kröfufjármögnun einnig þeim fyrirtækjum sem standa frammi fyrir **spennandi vaxtartækifærum**, til dæmis:

- Veruleg eftirspurn eftir vörum eða þjónustu fyrirtækisins
- Opnanir til að færa sig inn á nýja markaði
- Tækifæri til að fjárfesta í nýsköpun og vöruþróun
- Þörf á því að stækka skrifstofur, framleiðslu, eða birgðageymslur

Loks getur kröfufjármögnun hentað við **krefjandi aðstæður**:

- Þegar stór gjalddagi er að renna upp, t.d. vegna skatta eða launagreiðslna
- Þegar tap er á rekstrinum sem leiðir til lausafjárskorts
- Þegar aðgengi að öðrum fjármögnunarleiðum er fullnýtt




Nike og kröfufjármögnun

Í bókinni *Shoe Dog* fer Phil Knight, stofnandi Nike, yfir sögu fyrirtækisins. Stærsta vandamál þess fyrstu tólf árin var skortur á fjármögnun sem hélt aftur af vexti og skapaði hættu á gjaldþroti.

Þetta var á sjöunda áratug síðustu aldar þegar aðgengi að fjármögnun var verra en í dag. Phil tók því upp á því að bjóða verslunum ríflegan afslátt, allt að 7% af heildsöluverði, gegn fyrirframgreiðslu fyrir pantanir.

Með þessari leið fékk Nike kröfufjármögnun frá viðskiptavinum sínum: í stað þess að bíða eftir greiðslu reikninga fékk fyrirtækið laust fé samstundis sem það gat notað til að standa við skuldbindingar sínar og fjármagna frekari vöxt.



Heyrðu í okkur

Nú hefur þú betri mynd af því hvernig kröfufjármögnun getur hentað þörfum þíns fyrirtækis. Næsta skref er að fá tilboð frá okkur og meta í framhaldi hvort þú viljir nýta þér þessa leið.

Við byrjum þá á að setja upp aðgang fyrir þitt fyrirtæki að vefumsjónarkerfi Kríta. Þar má velja útistandandi kröfur til að fjármagna og fá tilboð í þær.

Uppsetning kerfisins og óskir eftir tilboðum er hvort tveggja endurgjaldslaust. Þú greiðir því eingöngu fyrir þjónustuna í þeim mæli sem þú notar hana. Við leggjum áherslu á gagnsæi og rukkum því einungis vexti en engin önnur gjöld.



Lærðu meira um um hvernig
kröfufjármögnun hjá Kríta getur
hjálpað þínu fyrirtæki

HAFÐU SAMBAND

